

Orðanefnd L.Í. - 118

Fundur var haldinn mánudaginn 15. september 2025 kl. 16:30 að Arngrímsgötu 5, Reykjavík, í Eddu, húsi Stofnunar Árna Magnússonar, og var það 118. fundur nefndarinnar frá 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Gerður Aagot Árnadóttir, Magnús Jóhannsson, Reynir Tómas Geirsson, Runólfur Pálsson og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 117. fundar (16. júní 2025), sem áður hafði verið send fundarmönnum í tölvupósti, var yfirfarin og formlega samþykkt.

2. Skýrsla Orðanefndar:

JHJ fór yfir skýrslu Orðanefndar L.Í. 2024-2025 til Læknafélags Íslands vegna aðalfundar félagsins. Hún hafði áður verið send nefndarmönnum til yfirferðar og samþykktar og síðan L.Í. til birtingar í ársskýrslu félagsins.

3. Orðalistar:

Fyrir fundinum lágu fjórir orðalistar: a. **thrombosis** (34 færslur); b. **thrombus o.fl.** (28 færslur); c. **blæðingar** (8 færslur); d. **coronary** (20 færslur) sem áður höfðu verið sendir nefndarmönnum til yfirlestrar. Farið var rækilega yfir listana og gerðar athugasemdir og breytingar eins og ástæða var talin til. JHJ var síðan falið að ganga frá þeim til birtingar í Íðorðabankanum.

Að auki kynnti JHJ orðalista frá 2023 með heitinu „Grunnfærslur í röntgenverkefninu“ þegar til stóð að koma af stað samstarfsverkefni milli nefndarinnar, röntgendeildar LSH og Geislavarna Ríkisins. Tilefnið var ný fyrirspurn frá GR um það hvort verkefnið væri enn í vinnslu, en svarið var að ekki hefði tekist að koma þessu verkefni af stað á þeim tíma. Til greina gæti komið að reyna aftur, en þá reyndust Geislavarnir ekki hafa tíma í bili. Rætt var um hvort ekki væri rétt að kanna hvort röntgendeildin hefði tök á samstarfi nú.

4. Önnur mál:

JHJ greindi frá því að hann hefði lokið við frágang á orðalistanum **secondary** (40 færslur) frá síðasta fundi og hefði hann þegar verið birtur þannig frágenginn í Íðorðabankanum.

Rætt var síðan óformlega um framhald nefndarstarfsins. Í ársskýrslu nefndarinnar til L.Í. er tekið fram að nefndin vildi gjarnan koma því á framfæri að æskilegt væri að fá fleiri lækna til starfa í íðorðavinnunni, annað hvort í einstök verkefni að eigin vali eða til lengri tíma sem nefndarmenn. Ákveðið var að fresta frekari umræðu til næsta fundar.

Næsti fundur: Fyrirhugaður mánudaginn 20. október kl. 16:30 og var fundarherbergi í Eddu bókað þann dag.

Fundinum var slitið laust fyrir kl. 18. Fundargerð ritaði JHJ.